Fullgild rafræn undirskrift
HILDUR RAGNARS
Kennitala: 160568-5509
2025-03-25 13:05:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Þjóðskrá

## 10 601

# Ársreikningur 2024

## Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ............................................................. | **2** |
| Yfirlit um afkomu ársins ......................................................................... | **3** |
| Efnahagsreikningur ................................................................................. | **4** |
| Sjóðstreymisyfirlit ................................................................................... | **5** |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ......................................... | **6** |
| Skýringar ................................................................................................ | **7** |


**Þjóðskrá**

**kt. 650373-0649**

**Borgartún 21, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að safna, varðveita og miðla gögnum um einstaklinga. Þjóðskrá ber ábyrgð á einni af grunnskrám Íslands, þjóðskrá. Upplýsingar úr þjóðskrá eru notaðar til að ákvarða um réttindi og skyldur einstaklinga sem hafa lögheimili á Íslandi og íslenskra ríkisborgara, til dæmis ákvörðun um skattskyldu, kosningarétt, rétt á íslensku vegabréfi og öðrum réttindum sem grundvallast meðal annars á lögheimili eða hjúskapastöðu. Stofnunin gefur út réttindaskilríki og vottorð ásamt kjörskrástofni og skráningu einstaklinga frá fæðingu til andláts.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 6 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 1.185,3 milljónir og afkoma kr. -5,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 31,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 430,7 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðskrár fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Hildur Ragnars
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2024

| | Skýr | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 729.700.000 | 766.900.000 |
| Aðrar tekjur | 3 | 410.866.268 | 338.398.057 |
| Seld þjónusta | 4 | 8.817.426 | 8.361.932 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 5 | 1.520.438 | 4.641.421 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 34.398.992 | 43.721.047 |
| **Tekjur samtals** | | 1.185.303.124 | 1.162.022.457 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 6 | 776.823.790 | 739.946.699 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 379.760.532 | 366.706.818 |
| Afskriftir og niðurfærslur | 8 | 34.398.992 | 43.721.047 |
| **Gjöld samtals** | | 1.190.983.314 | 1.150.374.564 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | (5.680.190) | 11.647.893 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 65.398 | 180.001 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | 0 | (12.469) |
| | | 65.398 | 167.532 |
| **Afkoma ársins** | | (5.614.792) | 11.815.425 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | Skýr | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Handbært fé | 9 | 7.957.956 | 3.113.202 |
| Viðskiptakröfur | | 7.463.620 | 10.075.725 |
| Tengdir aðilar | 10 | 177.892.262 | 169.159.462 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 693.305 | 2.331.901 |
| Birgðir | 11 | 116.889.448 | 68.554.934 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 12 | 57.198.681 | 74.223.010 |
| Óefnislegar eignir | 13 | 62.653.800 | 0 |
| **Eignir samtals** | | 430.749.072 | 327.458.234 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 10 | 2.734.575 | 8.604.332 |
| Viðskiptaskuldir | 14 | 30.729.659 | 27.583.105 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 15 | 62.721.308 | 63.893.483 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 16 | 281.324.904 | 168.523.896 |
| **Skuldir samtals** | | 377.510.446 | 268.604.816 |
| **Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals** | | 53.238.626 | 58.853.418 |
| **Eigið fé** | 17 | | |
| Hrein eign | | 31.438.626 | 37.053.418 |
| Bundið eigið fé | | 21.800.000 | 21.800.000 |
| **Eigið fé samtals** | | 53.238.626 | 58.853.418 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 430.749.072 | 327.458.234 |

**Aðrar upplýsingar** 18

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

| | Skýr | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (5.614.792) | 11.815.425 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 34.398.992 | 43.721.047 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (34.398.992) | (43.721.047) |
| | | (5.614.792) | 11.815.425 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 4.250.701 | (57.811.282) |
| Tengdir aðilar | | 52.568.980 | 43.809.791 |
| Birgðir | | (48.334.514) | 49.193.931 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 1.974.379 | (55.452.293) |
| | | 10.459.546 | (20.259.853) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 4.844.754 | (8.444.428) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu | | (62.653.800) | 0 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 12 | (17.374.663) | (8.404.485) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 3.125.000 |
| | | (80.028.463) | (5.279.485) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 80.028.463 | 6.916.283 |
| | | 80.028.463 | 6.916.283 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 4.844.754 | (6.807.630) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 3.113.202 | 9.920.832 |
| **Handbært fé í árslok** | | 7.957.956 | 3.113.202 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Fjárveiting til fjárfestinga | Samtals |
|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024 ...................... | 715.300.000 | 47.200.000 | 762.500.000 |
| Fjáraukalög ...................................................................................... | 0 | 100.000.000 | 100.000.000 |
| **Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum ........................................** | **715.300.000** | **147.200.000** | **862.500.000** |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda ........................................... | | | |
| Launabætur ........................................................................................ | 14.400.000 | 0 | 14.400.000 |
| **Fjárveiting ársins ..................................................................................** | **729.700.000** | **147.200.000** | **876.900.000** |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað) .................... | 37.053.418 | 94.300.886 | 131.354.304 |
| **Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu ........................................................** | **766.753.418** | **241.500.886** | **1.008.254.304** |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum ............................................. | (735.314.792) | (80.028.463) | (815.343.255) |
| **Staða fjárveitinga í lok árs 2024 ............................................................** | **31.438.626** | **161.472.423** | **192.911.049** |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Aðrar tekjur**

Aðrar tekjur samanstanda af sölu á vöru og þjónustu.

**Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar ........................................ | 8-15 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **2 Tekjufærsla fjárveitinga** | | |
| Fjárveiting ársins | 729.700.000 | 766.900.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 34.398.992 | 43.721.047 |
| | 764.098.992 | 810.621.047 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 715.300.000 | 0 | 0 | 715.300.000 |
| Launabætur | 14.400.000 | 0 | 0 | 14.400.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **729.700.000** | **0** | **0** | **729.700.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (735.314.792) | 0 | 0 | (735.314.792) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(5.614.792)** | **0** | **0** | **(5.614.792)** |

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **4 Seld þjónusta** | | |
| Verksala | 700 | 4.900 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 8.816.726 | 8.357.032 |
| | 8.817.426 | 8.361.932 |
| **5 Framlög og ýmsar tekjur** | | |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 1.500.518 | 4.636.441 |
| Ýmsar tekjur | 19.920 | 4.980 |
| | 1.520.438 | 4.641.421 |
| **6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður** | | |
| Laun | 624.494.678 | 600.157.557 |
| Orlof, breyting | (1.135.075) | (5.860.420) |
| Launatengd gjöld | 143.197.503 | 137.447.166 |
| Starfsmannakostnaður | 10.266.684 | 8.202.396 |
| | 776.823.790 | 739.946.699 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 58,8 | 57,6 |
| **7 Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 2.213.145 | 1.607.985 |
| Byggingarvörur, aðrar | 5.891 | 0 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 0 | 14.900 |
| Ýmis tæki og áhöld | 4.730.762 | 2.619.373 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 69.544 | 6.200 |
| Orkugjafar | 2.993.773 | 2.851.731 |
| Matvæli | 10.542.259 | 9.044.920 |
| Almennar rekstrarvörur | 2.195.743 | 1.787.160 |
| Vörukaup, almenn | 22.751.117 | 17.932.269 |

# Skýringar

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **7 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)** | | |
| Kennslu- og föndurvörur | 19.880 | 0 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 64.628.423 | 84.265.089 |
| Vörukaup, sérgreind | 64.648.303 | 84.265.089 |
| Fundir, námskeið, risna | 4.636.524 | 4.605.514 |
| Ferðir, uppihald | 2.914.247 | 5.641.684 |
| Akstur | 218.309 | 434.256 |
| Sérfræðiþjónusta | 92.959.025 | 80.733.060 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 657.043 | 770.218 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 1.489.998 | 812.738 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 20.409.293 | 18.437.456 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 123.284.439 | 111.434.926 |
| Afnotagjöld | 97.005.766 | 82.808.825 |
| Leigugjöld | 68.110.377 | 59.915.127 |
| Notkun véla og flutningatækja | 151.380 | 29.860 |
| Verkkaup | 21.857.548 | 8.911.098 |
| Kostnaðarhlutdeild | 7.414.980 | 5.729.129 |
| Tryggingar, lögboðnar | (30.481) | 0 |
| Opinber gjöld | 223.665 | 28.806 |
| Tapaðar kröfur | 192.676 | 2.218.214 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 194.925.911 | 159.641.059 |
| Hlutdeild annarra í kostnaði | (25.849.238) | (6.566.525) |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 379.760.532 | 366.706.818 |

**8 Afskriftir**

| | | |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 32.652.278 | 41.883.749 |
| Aðrar eignir | 0 | 10.709 |
| Sölutap og úreltar eignir | 1.746.714 | 66.456 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 0 | 1.760.133 |
| | 34.398.992 | 43.721.047 |

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| **9 Handbært fé** | | |
| Sjóðir | 196.000 | 167.100 |
| Tékkareikningar | 7.761.956 | 2.946.102 |
| | 7.957.956 | 3.113.202 |

# Skýringar

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| **10 Tengdir aðilar** | | |

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 167.020.573 | 168.193.374 |
| Aðrir ríkisaðilar | 10.871.689 | 966.088 |
| | 177.892.262 | 169.159.462 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila | 2.734.575 | 8.604.332 |
| | 2.734.575 | 8.604.332 |

**11 Birgðir**

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Rekstrarvörubirgðir | 116.889.448 | 68.554.934 |
| | 116.889.448 | 68.554.934 |

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar þar sem við á.

**12 Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 57.198.681 | 74.223.010 |
| | 57.198.681 | 74.223.010 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

| | **Áhöld, tæki og búnaður** | **Samtals** |
|---|---|---|
| Staða 01.01.2024 | 222.744.619 | 222.744.619 |
| Viðbætur á árinu | 17.374.663 | 17.374.663 |
| Selt/úrelt á árinu | (1.840.579) | (1.840.579) |
| | 238.278.703 | 238.278.703 |
| Afskriftir 01.01.2024 | 148.521.609 | 148.521.609 |
| Afskrift ársins | 32.652.278 | 32.652.278 |
| Selt/úrelt á árinu | (93.865) | (93.865) |
| | 181.080.022 | 181.080.022 |
| Staða 31.12.2024 | 57.198.681 | 57.198.681 |

# Skýringar

| 13 Óefnislegar eignir | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Óefnislegar eignir | 0 | 0 |
| Verk í vinnslu, óefnislegar eignir | 62.653.800 | 0 |
| | 62.653.800 | 0 |

| Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2024: | Hugbúnaður |
|---|---|
| Stofnverð 01.01.2024 | 9.600.666 |
| Sértækt endurmat | |
| Viðbætur á árinu | 0 |
| | 9.600.666 |
| Niðurfært 01.01.2024 | 9.600.666 |
| Niðurfærsla ársins | 0 |
| | 9.600.666 |
| Staða 31.12.2024 | 0 |

| 14 Viðskiptaskuldir | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 30.729.659 | 27.583.105 |
| | 30.729.659 | 27.583.105 |

**15 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 62.721.308 | 63.856.383 |
| | 62.721.308 | 63.893.483 |

**16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 119.852.481 | 74.223.010 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) | 161.472.423 | 94.300.886 |
| | 281.324.904 | 168.523.896 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2024 | 74.223.010 | 94.300.886 | 168.523.896 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 147.200.000 | 147.200.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 17.374.663 | (17.374.663) | 0 |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum, verk í vinnslu | 62.653.800 | (62.653.800) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (34.398.992) | 0 | (34.398.992) |
| | 119.852.481 | 161.472.423 | 281.324.904 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 20,8 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

## Skýringar

**17 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| Hrein eign | Hrein eign | Bundið eigð fé | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1. | 37.053.418 | 21.800.000 | 58.853.418 | 47.037.993 |
| Afkoma ársins | (5.614.792) | | (5.614.792) | 11.815.425 |
| Jöfnuður 31.12. | 31.438.626 | 21.800.000 | 53.238.626 | 58.853.418 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 21,8 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

**18 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um leigu á húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 70,8 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 33,1 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

*Veittar ábyrgðir*
Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óafturkallanleg loforð*
Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.